

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. apríl 2018:

Skóla- og frístundasvið býður starfsmönnum borgarrekinnna grunnskóla og leikskóla sundkort, sem gildir í sundlaugar borgarinnar. Lagt er til að slík sundkort verði einnig boðin starfsmönnum sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla í Reykjavík.

Reykjavík, 15. ágúst 2018
SFS2018040143
142. fundur
HG/res/kg

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Upplýsingar í tengslum við tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi sundkort fyrir starfsmenn sjálfstætt rekinna leik- og grunnskóla.

Reykjavíkurborg býður starfsfólki sundkort, sem gildir í sundlaugar borgarinnar. Kostnaður skóla- og frístundasviðs á árinu 2017 var 20,2 millj.kr. Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir til að mæta þessum kostnaði.

Skóla- og frístundasvið er með samninga um styrk til sjálfstætt rekinna leikskóla og grunnskóla en um er að ræða 17 sjálfstætt rekna leikskóla og sex grunnskóla.

Í báðum tilvikum byggja samningar á því að greitt sé framlag vegna barna og nemenda með lögheimili í Reykjavík. Nemendur í sjálfstætt reknunum leik- og grunnskólum eru jafnframt nemendur með lögheimili í öðrum sveitafélögum og greiða þau sveitarfélög þá framlag vegna þeirra nemenda.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin standi undir mjög stórum hluta af rekstrarkostnaði sjálfstætt rekinna leik- og grunnskóla þá er ljóst að starfsfólk þessara aðila eru ekki starfsfólk sveitarfélaganna sem veldur því að sveitarfélögin eiga ekki hægt með að fylgjast með breytingum á starfsmannahaldi og umsýslu með kortum.

Fyrirkomulag aðgengis í sund fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar og þ.á.m. skóla- og frístundasviðs er það með þeim hætti að ÍTR innheimtir hjá SFS gjald í samræmi við notkun starfsfólks, miðað er við kr. 385 fyrir hvert skipti. Við útreikning rekstrarstyrks til sjálfstætt rekinna leikskóla reiknast kostnaður vegna sundferða starfsfólks inn í rekstrarframlagið. Fjármagn vegna sundkorta er áætlað á miðlægum potti sem reiknast inn í rekstrarframlagið. Reiknireglan sú að sjálfstætt reknir leikskólar fá 25% af svokölluðum símenntunarpotti (M2272) inn í framlagið til sín. Ef það er heimfært sérstaklega á kostnað vegna sundkorta þá er fjárhæðin sem myndast út frá því 47 kr. pr. barn á mánuði.

Vegna grunnskólanna gildir sú regla að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla skal nema að lágmarki 75% af vegnu *meðaltali heildarrekstrarkostnaðar* allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla, með síðari breytingum. Fjármagn vegna sundkorta reiknast því inn í framlagið.

Bent er á að ef ákvörðun vrði tekin um að sundkort verði einnig boðin starfsmönnum sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla í Reykjavík getur það fordæmi haft þau áhrif að það næði til annars kostnaðar en sundkorta, auk þess sem aðrir samningsaðilar Reykjavíkurborgar gætu gert svipaða kröfu á grunni fordæmis.